

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Brynjar Þór Jónasson  
Dags. 3. mars 2017  
Mnr. 2016110066



ÍSAFJARÐARBÆR

## Úttekt frárennslislagna.

Óskað var eftir tilboðum í úttekt á frárennslislögnum Ísafjarðarbæjar í lok árs 2016. Verðfyrirspurn var send á tvo aðila, annarsvegar Verkís hf. og hinsvegar Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. Verðfyrirspurn var send á báða aðila í tölvupósti 29. nóvember 2016 og var eftir farandi

„Undirrituðum hefur verið falið fyrir hönd Ísafjarðarbæjar að spyrjast fyrir um kostnað við gerð heildarúttektar á núverandi ástandi í fráveitumálum Ísafjarðarbæjar t.d. afkasta getu kerfisins, ástandi útrása, bakflæði að dælum og lögnum, mat á getu viðtaka skólps og mat á mögulegri hreinsun, einnig að vinna kostnaðarmat á mögulegum endurbótum.“

Tilboð voru eftirfarandi:

Verkís hf.	6.035.000,-
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.	29.473.268,-

Á 40. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar 24. janúar 2017 voru tilboðin kynnt nefndinni, umhverfis- og framkvæmdanefnd lagði til að samið yrði við Verkís hf. á grundvelli tilboðs þeirra.

Þar sem munur var mikill á tilboðunum var ákveðið að gefa bjóðendum tækifæri á að skýra tilboð sín betur áður en gengið yrði til samninga. Miðvikudaginn 8. febrúar 2017 var haldin kynningarfundur á vegum Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. í húsnæði Tækniþjónustunnar, þar var tilboð þeirra kynnt og frekari útskýringar settar fram. Verkís hf. sendi frekari skýringar í tölvupósti 13. febrúar 2017 og er tölvupósturinn hjálagður.

Það er mat undirritaðs að tilboð Verkís hf. standist þær kröfur sem settar voru fram í verðfyrirspurninni og að Verkís hf. hafi gert skilmerkilega grein fyrir tilboði sínu.

Undirritaður leggur til að samið verði við Verkís hf. á grundvelli tilboðs þeirra.

  
Brynjar Þór Jónasson  
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Hjálagt: Tilboð Verkís hf. tilboð Tækniþjónustu Vestfjarða, tölvupóstur frá Verkís hf. dags 13.217

**Brynjar Þór Jónasson**

**Frá:** jbh@verkis.is **Sent:** 13.2.2017 16:05:03  
**Til:** Brynjar Þór Jónasson  
**CC:**  
**BCC:**  
**Efni:** 07197030-1-TP-0093-RE: Úttekt á fráveitu  
**Viðhengi:** [image003.png](#)  
**Málsnúmer:** 2016110066

Sæll það er sjálfsagt mál að reyna að gera betur grein fyrir tilboðinu.

Eins og sést í minnisblaði Verkís er rakið á nokkuð vel hvernig fyrirtækið ætlar að vinna verkið og hvaða tímar eru áætlaðir í hvern og einn þátt, s.s. hvar gert verður straua og dreifilíkan, hvernig lagnir verði álagsgreindar o.s.frv.

Verkís skipti verkefninu upp í fimm flokka. Til skýringar er settur áætlaður tímafjöldi við hvern flokk.

- |                                   |        |
|-----------------------------------|--------|
| 1. Ástandsgreining fráveitukerfis | (95t)  |
| 2. Álagsgreining fráveitukerfis   | (80t)  |
| 3. Mat á viðtaka skólps           | (110t) |
| 4. Hreinsunar- og útrásalausnir   | (20t)  |
| 5. Kostnaðarmat og áætlun         | (50t)  |
| Heildartímafjöldi                 | (355t) |

Við tvo stærstu flokkana eru áætlaðir 205 tímar eða um 58% af verkefninu.

Fyrirtækið hefur mannskap sem hefur mikla þekkingu á holræsakerfum allra byggðarlaga sveitarfélagsins. Þá er mikil þekking innan fyrirtækisins á gerð straua og dreifilíkana. Fyrirtækið hefur einnig unnið að ýmsum hreinsunar- og útrásarmálum víða um land og mun sú þekking einnig nýtast í þessu verki.

Það er á þessum forsendum ásamt því sem gefið er upp í minnisblaði sem fylgir tilboðinu, að Verkís getur boðið Ísafjarðarbæ úttekt sem þessa fyrir einungis 6 milljónir.

Með von um að þessar upplýsingar nægjanlegar.

Bestu kveðjur

**From:** Brynjar Þór Jónasson [mailto:brynjarjo@isafjordur.is]  
**Sent:** 13. febrúar 2017 11:05  
**To:** Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>  
**Subject:** Úttekt á fráveitu

Sæll

Í samræmi við samtali síðustu viku bið ég þig hér með að gera betur grein fyrir tilboði Verkís í úttekt á fráveitu Ísafjarðarbæjar.

Kv.

**Brynjar Þór Jónasson****Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs**

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: [brynjarjo@isafjordur.is](mailto:brynjarjo@isafjordur.is) - Vefur: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

**Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnifsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.**

## FRÁVEITA ÍSAFJARÐARBÆJAR

### MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: ST306401-1-200  
VERKHLUTI:  
HÖFUNDUR: JBH  
DREIFING: Ísafjarðarbær

DAGS.: 2016-12-02  
NR.:

### Málefni:

Sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar spurðist fyrir í tölvupósti dags. 29.11.2016 um kostnað við gerð heildarúttektar á núverandi ástandi í fráveitumálum Ísafjarðarbæjar þar sem meta ætti afkastagetu núverandi kerfis, ástandi útrása, bakflæði að dælum og lögnum, meta getu viðtaka skólps og mögulega hreinsun ásamt því að vinna kostnaðarmat á mögulegum endurbótum.

Verkís leggur til að verkinu verði skipt upp í fimm verkhluta.

1. Ástandsgreining fráveitukerfis
2. Álagsgreining fráveitukerfis
3. Mat á viðtaka skólps
4. Hreinsunar- og útrásalausnir
5. Kostnaðarmat og áætlun

Hverjum verkhluta er skipt niður í verkþætti og tímafjöldi áætlaður á hvern og einn verkþátt. Þá er stutt lýsing á því hvernig staðið verður að hverjum og einum verkþætti.

1. Ástandsgreining fráveitukerfis. **95t**
  - a. Aldur lagna, myndun, skráning. **20t**
  - b. Sérstakir vandamálastaðir skoðaðir sérstaklega. **10t**
  - c. Ástand útrása – myndun, köfun. **50t**
  - d. Viðgerðaráætlun **15t**

Hér er gert ráð fyrir að hægt sé að nálgast upplýsingar um aldur lagna hjá bæjarfélaginu en þar sem upplýsingar liggja ekki fyrir verða brunnar skoðaðir og aldur lagna metnar út frá því. Haft verður samband við rekstraraðila og farið yfir þá vandamálastaði ef þeir eru í kerfinu og þeir metnir sérstaklega. Skoða þarf allar útrásir, gert er ráð fyrir að útrásir séu 48 talsins, 16 á Þingeyri, 5 á Flateyri, 5 á Suðureyri, 1 í Holtahverfi, 1 í Tunguhverfi, 1 í Seljalandshverfi, 17 á Ísafirði, 2 í Hnífsdal. Nokkrar útrásir þarf að skoða með köfun.

Að lokum verður gerð viðgerðaráætlun og henni skipt niður eftir forgangi verkefna.

2. Álagsgreining fráveitukerfis. **80t**
  - a. Líkan og hermun á álagi (þurrviðri, flóðum, dælukerfi, bakflæði) **40t**
  - b. Greining á vandamálastöðum **20t**
  - c. Endurbótaáætlun **20t**

Áður en ástandsgreining er gerð þarf að hæðarmæla lagnir í kerflinu. Til að spara tíma og fjármagn er gert ráð fyrir að aðallagnir næst útrásum verði álagsgreindar en ekki kerfið í heild sinni. Gert er ráð fyrir að nota punktmælingu til að meta flutningsgetu lagna. Að lokinni álagsgreiningu verða vandamálastaðir greindir og endurbótaáætlun gerð.

3. Mat á viðtaka skólps. **110t**
  - a. Strauma og dreifilíkan. **100t**
  - b. Fráveitureglugerð og álagsflokkar viðtaka (saurmengun, lífræn efni (ofauðgun), þynningarsvæði)
  - c. Skilgreining viðtaka og staðsetning enda útrása. **10t**

Gerð verður strauma og dreifilíkan fyrir Skutulsfjörð þ.e.a.s. fyrir Pollinn, Sundin og Prestabugt. Lagðar fram tillögur að staðsetningu útrása. Í Hnífsdal, Súgandafirði, Önundarfirði og Dýrafirði er ekki gert ráð fyrir að gera strauma og dreifilíkan. Síðar meir verður hægt að gera líkan fyrir þessa staði telji menn þess þörf.

**Ísafjarðarbær.  
Brynjar Þór Jónasson  
Hafnarstræti 1  
Ísafirði**

Ísafirði 19. desember 2016.

**Verkefni: Fráveita, tilboð í heildarúttekt á fráveitukerfum Ísafjarðarbæjar.**

Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. barst 29. nóvember s.l. beiðni, í tölvupósti, um að gefa verð í heildarúttekt á núverandi ástandi í fráveitumálum Ísafjarðarbæjar.

**Tækniþjónustan býðst til að vinna verkið fyrir krónur 29.473.268,- án virðisaukaskatts, 36.546.852,- krónur með virðisaukaskatti.**

Skýrslum fyrir hvern þéttbýliskjarna verður skilað á tímabilinu júlí til október 2018. Fyrirvari er gerðum um að starfsmenn Ísafjarðarbæjar verði bjóðanda innan handar við að finna útrásir og opna þá brunna sem hæðarmæla þarf ofan í.

Samstarfsaðili Tækniþjónustunnar við verkefnið verður Efla ehf. verkfræðistofa sem hefur mikla reynslu af sambærilegum verkefnum víða um land.

Miðað er við að verkefnið verði unnið í nokkrum áföngum og er lausleg áfangaskipting þeirra eftirfarandi:

1. Stöðugreining, raunlega kerfa með tilheyrandi mælingum og öflun upplýsinga um ástand kerfa.
2. Farið yfir framtíðarlegu kerfa, staðsetningu dælustöðva og fleira.
3. Stærð lagnakerfa reiknuð út, afköst dælubrunna og stærð og afköst hreinsistöðva fundin.
4. Stærð og staðsetning útrása fundin, meginútrásir og léttútrásir.
5. Kostnaðaráætlanir
6. Skýrslugerð. Fyrir hvern þéttbýliskjarna yrði gerð vönduð skýrsla þar sem niðurstöður vinnunnar verða settar fram í texta, tölum, myndum og uppdráttum.

Ef nánari upplýsinga er þörf verða þær fúslega veittar.

**f.h. Tækniþjónustu Vestfjarða ehf.**

